

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Djúpavogshrepps 1989-2009, Innri Gleðivík.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 6. mars 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Djúpavogshrepps 1989-2009 frá 14. júní 1990.

Breytingin varðar stækkun viðlegukants og iðnaðar- og athafnasvæðis við Innri Gleðivík.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Djúpavogshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 6. mars 2001.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Nr. 219

8. mars 2001

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Ísafjarðarbæ.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann 21. september 2000, skipulag fyrir Hauganeslyftu í Tungudal og gönguskíðasvæði á Seljalandsdal.

Deiliskipulagið hefur verið sent Skipulagsstofnun til yfirferðar og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Ísafirði, 8. mars 2001.

Stefán Brynjólfsson byggingarfulltrúi.

Nr. 220

22. febrúar 2001

REGLUGERÐ

um tilkynningarskyldu íslenskra skipa.

1. gr.

Sjálfvirkt tilkynningarkerfi.

Öll íslensk skip skulu tilkynna brottför og komu í höfn og staðsetningu sína gegnum sjálfvirkt tilkynningarkerfi (STK) á eftirfarandi hátt:

- Skip sem eru 24 metrar að lengd eða lengri skulu tilkynna sig á tólf klukkustunda fresti.
- Skip sem eru styttri en 24 metrar og hafa heimild til að sigla utan þjónustusvæðis sjálfvirks tilkynningarkerfis á metrabylgju skulu tilkynna sig á einnar klukkustundar fresti.
- Skip sem eru styttri en 24 metrar og sigla á þjónustusvæði sjálfvirks tilkynningarkerfis á metrabylgju skulu tilkynna sig á fimmtán mínútna fresti.

d. Farþegaskip sem notuð eru í atvinnuskyni skulu tilkynna sig á fimmtán mínútna fresti.

Undanþegin ákvæðum 1. mgr. eru varðskip og skip sem njóta sérstakra undanþága skv. 7. gr.

2. gr.

Hafsvæði.

Hafsvæði eins og þau eru útskýrð í reglugerð þessari eru samkvæmt skilgreiningum Alþjóðasiglingamálastofnunar (IMO) í SOLAS, sbr. 2. gr. reglugerðar um fjarskiptabúnað og fjarskipti íslenskra skipa, nr. 53/2000.

Hafsvæði A1: Er svæði sem takmarkast af langdrægi strandarstöðvar til talfjarskipta og viðvarana með stafrænu valkalli (DSC) á metrabylgju (VHF). Þar sem engin DSC þjónusta er í landi á metrabylgju er þetta hafsvæði ekki notað hér við land.

Hafsvæði A2: Er svæði utan hafsvæða STK og/eða A1, sem takmarkast af langdrægi strandarstöðvar til talfjarskipta og viðvarana með stafrænu valkalli (DSC) á millibylgju (MF).

Hafsvæði A3: Er svæði utan hafsvæða STK, A1 og A2, sem takmarkast af langdrægi kyrrstæðra INMARSAT gervitungla til sendinga viðvarana, þ.e. milli 70° N og 70° S.

Hafsvæði A4: Er svæði utan hafsvæða STK, A1, A2 og A3.

Hafsvæði STK: Er hafsvæðið sem takmarkast af langdrægi sjálfvirku tilkynningarskyldunnar á metrabylgju (VHF).

Skipum og bátum sem aðeins hafa búnað til að senda tilkynningar á þjónustusvæði sjálfvirks tilkynningarkerfis á metrabylgju er óheimilt að sigla út fyrir það svæði.

3. gr.

Fjarskiptabúnaður.

Útgerðarmenn skipa sem eingöngu sigla á þjónustusvæði sjálfvirks tilkynningarkerfis á metrabylgju skulu búa skip sín nauðsynlegum tækjakosti vegna sjálfvirks tilkynningarkerfis.

Útgerðarmenn skipa sem sigla utan þjónustusvæðis sjálfvirks tilkynningarkerfis á metrabylgju skulu búa skip sín nauðsynlegum tækjakosti til að senda tilkynningar í gegnum gervi-hnattarsamband.

Verði eftirlitsmiðstöð vör við að tæki í skipi starfi ekki rétt skal það þegar tilkynnt skipstjóra skipsins og skal skipstjóri láta gera við tækið svo fljótt sem verða má og eigi síðar en skipið lætur næst úr höfn.

4. gr.

Tilkynning berst ekki.

Ef tilkynning berst ekki frá skipi á reglulegum tíma skal eftirlitsmiðstöð bregðast strax við og kanna ástæður slíks. Viðbragðsstigin eru:

Venjulegt ástand: Tilkynningar berast sjálfvirkt frá skipi samkvæmt 1. gr.

Viðbragðsástand: Tilkynning hefur ekki borist frá skipi samkvæmt 1. gr. Eftirlitsmiðstöð skal hafa samband við skipið innan 30 mínútna eftir að tilkynning á að hafa borist. Takist ekki að hafa upp á skipinu skal farið í næsta viðbragðsstig – hættuástand.

Hættuástand: Hafi skip ekki skilað sér eftir viðbragðsástand skal hafist handa við leit og björgun samkvæmt verklagsreglum sem eftirlitsmiðstöð setur upp. Hafi skip sent neyðarkall frá neyðarhnappi skipstækisins skal hafin leit og björgun samkvæmt nefndum verklagsreglum. Eftirlitsmiðstöð skal virkja alla þá aðila sem lögum samkvæmt sjá um leit og björgun.

5. gr.

Undanþágur.

Skip sem ekki eru notuð í atvinnuskyni eru undanþegin sjálfvirku tilkynningarkerfi.

Siglingastofnun Íslands er heimilt að veita undanþágu frá ákvæði c-liðar 1. gr. Þetta á við um skip og báta sem stunda aðeins veiðar í atvinnuskyni innan 1,5 sjómílna frá landi og aðstæður um borð eru þannig að ekki er unnt að hafa þar nauðsynlegan búnað til að senda sjálfvirkar tilkynningar, enda telji stofnunin að öryggi skips og áhafnar sé ekki stefnt í hættu. Þegar slík undanþága er veitt skal Siglingastofnun Íslands árita leyfilegt farsvið skipsins á haffærisskírteini þess.

6. gr.

Brot o.fl.

Um brot gegn reglugerð þessari fer eftir ákvæðum 10. gr. laga um tilkynningarskyldu íslenskra skipa nr. 40/1977.

7. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um tilkynningarskyldu íslenskra skipa nr. 40/1977 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um tilkynningarskyldu íslenskra skipa nr. 256/1979.

Samgönguráðuneytinu, 22. febrúar 2001.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

REGLUGERÐ

um bólusetningar á Íslandi.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til bólusetninga (ónæmisáðgerða) og framkvæmdar þeirra á Íslandi. Allar bólusetningar skal skrá. Sóttvarnalæknir er ábyrgur fyrir því að halda skrá um bólusetningar. Sóttvarnalæknir skipuleggur og samræmir bólusetningar um land allt.

2. gr.

Bólusetningar barna.

Bólusetningum barna er ætlað að verja börn gegn alvarlegum smitsjúkdómum. Börnum með lögheimili hér á landi skal boðin bólusetning gegn eftirtöldum sjúkdómum þeim að kostnaðarlausu:

1. barnaveiki
2. hettusótt
3. H. influenzae b sjúkdómi
4. kíghósta
5. mænusótt
6. mislingum
7. rauðum hundum
8. stífkrapa